

# Ársskýrsla RannMennt 2019-2020

**RannMennt - Rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti**  
**RannMennt – The Research Center for Education Policy, Globalization and Social Justice**  
**Aðsetur: Skipholt, Menntavísindasvið Háskóla Íslands**  
**Forstöðumaður: Berglind Rós Magnúsdóttir**

## Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknarstofan er samstarfsvettvangur fræðimanna sem skoða samspil menntastefnu, alþjóðavæðingar og félagslegt réttlætis í rannsóknum sínum. Stofan heyrir undir Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Auk fræðimanna við deild menntunar og margbreytileika á Gunnlaugur Magnússon, dósent við Uppsala-háskóla sæti í stjórn.

Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent

Annadís G Rúdólfsson, dósent

Brynja Elisabeth Halldórsdóttir, lektor

Kristín Björnsdóttir, prófessor

Jón Ingvar Kjaran, prófessor

Auður Magndís Auðardóttir, aðjúnt og doktorsnemi

Eva Harðardóttir, aðjúnt og doktorsnemi

Gunnlaugur Magnússon, dósent við Uppsala háskóla

Rannsóknarstofan hefur ekki haft eiginlega starfsmenn né sérstakt húsnæði.

## Rannsóknarverkefni

Stofan var upphaflega stofnuð í lok árs 2018 og eiginleg starfsemi hófst ekki fyrr en 2019. Stofan var stofnuð til að halda utan um tiltekin rannsóknarverkefni sem fundu sér ekki einhlítan farveg innan þeirra rannsóknarstofa sem til voru fyrir á menntavísindasviði. Rannsóknirnar voru ekki tileinkaðar afmörkuðum þáttum varðandi félagslegt réttlæti eins og kyngervi (RannKyn), eða uppruna (Rannsóknarstofa um fjölmenningu) eða fötlun/sértækar menntunarpáttir í skólalastarfi (Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar) heldur einkenndust rannsóknirnar að því að skoða samvinnun þessara þátta. Því var talin þörf á að stofna sérstaka stofu sem sérhæfði sig sérstaklega í samvinnun mismunabreyta með áherslu á þætti sem höfðu ekki haft mikið vægi í menntarannsóknun fram að þessu, eins og stéttarstaða og -uppruni. Eins var áhersla á mikilvægi þess að skoða mótsagnir og átök í menntastefnum en ekki einskorða heiti við eina menntastefnu (skóla án aðgreiningar). Eins og segir í beiðni um stofnun Rannsóknarstofunnar:

*Meginmarkmið rannsóknarstofunnar er að skapa vettvang fyrir hóp fræðimanna sem stundar gagnrýnar rannsóknir (e. critical education research) á sviðum er varða menntastefnufræði, félagsfræði menntunar, félagslega landfræði, og rýna í samspil fjölmenningarfræða, kynjafræða, hinseginfræða, fötlunarfræða í tengslum við félagslegt réttlæti í uppeldi og menntun. Lögð er áhersla á að skoða áhrif samvinnunar ólíkra þátta, svo sem stéttar, kyngervis, kynhneigðar, uppruna og fötlunar á valdatengsl og félagslegt réttlæti í uppeldi og menntun.*

*Kortlagning stéttar á íslenskum menntavettvangi er eitt af aðkallandi viðfangsefnum stofunnar þar sem því hefur lítið sem ekkert verið sinnt í íslenskum rannsóknum fram að þessu. Aðrar megináherslur í rannsóknum eru félagslegt réttlæti í menntun, menntastefnur í alþjóðlegu samhengi, áhrif markaðs- og alþjóðavæðingar og inngildandi menntunar (inclusive education) á stefnumótun, uppeldi og skólustarf. Stofan er vettvangur fyrir og tekur þátt í umræðu sem varða þessi viðfangsefni.*

*Markmið stofunnar er að móta nýtt fræðasvið í menntarannsóknum á Íslandi á breiðum grunni; miðla þekkingu, efla umræðu, valdefla fagfólk og hagsmunaaðila á vettvangi menntunar, og skapa verðandi fræðimönnum, meðal annars meistara- og doktorsnemunum, vettvang fyrir þátttöku í gagnrýnum menntarannsóknum (úr bréfi til Kristínar Harðardóttur um stofnun stofunnar).*

Rannsóknarverkefni eru því öll innan þessa ramma. Þau verkefni sem voru tengd stofnunni 2019-2020 eru eftirfarandi:

### Virgni, val og skyldur foreldra á íslenskum menntavettvangi; Samspil kyns, uppruna og félagsstöðu

Styrkt af Jafnréttissjóði Íslands, RANNÍS og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og stýrt af Berglindi Rós Magnúsdóttur. Yfirgripsmikil gagnasöfnun hefur átt sér stað. Eigindlegum viðtölum var safnað við

- mæður af íslenskum uppruna – Auður Magnús doktorsnemi
- ungar mæður af íslenskum uppruna – Kristín Kolbrún Waage meistaranemi
- feður af íslenskum uppruna – Pétur Hjörvar Þorkelsson tómstundafræðingur
- foreldra af asískum uppruna – Elizabeth Lay doktorsnemi
- mæður af pólskum uppruna - Joanna Eva Dominiczak meistaranemi
- foreldra af afrískum uppruna - Zitha Ngulube meistaranemi
- foreldra af Latino uppruna - Gloria Zarela Castro Conde meistaranemi
- foreldra með stöðu flóttafólks – Eva Harðardóttir doktorsnemi
- hvítar efristéttarmæður með stöðu innflytjenda – Angela Shapow meistaranemi

Árið 2019-2020 var aðaláherslan í þessu verkefni á söfnun gagna frá foreldrum af erlendum uppruna undir heitinu IPP (immigrant parental practices) og við feður undir heitinu PPP (paternal parental practices).

Nokkrar meistararitgerðir hafa verið skrifaðar og tímaritsgreinar birtar þar sem gögnin um mæður eru nýtt. Tveir meistaraneimar voru ráðnir til að vinna úr gögnum við feður en þeir hættu báðir við að skrifa ritgerð og luku MT-kennaraprófi þar sem ritgerðar er ekki krafist.

### I-PIC : Irregular Processes of Inclusion and Citizenship as experienced by Migrant Youth in Iceland, Norway and the UK

Styrkt af RANNÍS 2020-2023. Sjá nánar hér: <https://evahardar.wixsite.com/ipicproject/home-1>

### MAPS: Mixed classes And Pedagogical Solutions: Inclusive education in diverse environments of Finland, Iceland and the Netherlands.

Stjórnandi MAPS-rannsóknarinnar er Sonja Kosunen, dósent við Helsinki Háskóla og stjórnandi íslenska teymisins er Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við Háskóla Íslands. Sjá hér: <https://www2.helsinki.fi/en/researchgroups/mixed-classes-and-pedagogical-solutions>

### POL-NET

Samnorrænt verkefni styrkt af norska RANNÍS. Stjórnandi verkefnis er Kirsten Sivesind og þátttakendur fyrir hönd Íslands á þessu tímabili voru Berglind Rós Magnúsdóttir og Jón Torfi

Jónasson. Sjá nánar hér: <https://www.uv.uio.no/iped/english/research/projects/sivesind-policy-knowing-and-lesson-drawing/>

Gunnlaugur Magnússon hefur verið ráðinn inn í verkefnið til næstu tveggja ára.

## Heimsóknir fræðimanna og opinberir fyrirlestrar á vegum stofunnar

Þrír viðburðir voru haldnir í nafni stofunnar árið 2019-2020. Gunnlaugur Magnússon hélt fyrsta opinbera fyrirlesturinn á vegum stofunnar í júní 2019. Á haustönn 2019 var haldin málfundaröð um markaðsvæðingu háskólakerfisins og í október 2020 var haldin málstofuröð um foreldra.

### Júní 2019 – Fyrsti opinberi fyrirlesturinn á vegum RannMenntar

Gunnlaugur Magnússon. (4. Júní, 2019) Skóli án aðgreiningar - réttlætisbarátta, framtíðardraumar eða pólitísk sparnaðaraðferð? Stakkahlíð, Háskóli Íslands. Fyrir þennan fyrsta opinbera viðburð var þróað logo af Elizabeth Lay í samstarfi við formann og x. Þetta var eins konar tilraun en ráðgert er að þróa og sníða markmið og ásjúnd stofunnar í náinni framtíð. Sjá auglýsingu um viðburðinn hér:

**Skóli án aðgreiningar –  
réttlætisbarátta, framtíðardraumar eða  
pólitísk sparnaðaraðferð?**

**Stakkahlíð, H-207, 4. júní, kl. 11:45-12:30**

Dr. Gunnlaugur Magnússon mun fjalla um hugtakið "inclusive education", eða "skóli án aðgreiningar" frá ýmsum sjónarhornum. Farið er yfir sögulega þróun hugtaksins og mismunandi skilgreiningar þess sem hafa þótt margræðar og jafnvel óskýrar í umræðunni um menntamál bæði í rannsóknum, pólitískri umræðu og daglegu skólastarfi. Sýnt verður fram á hvernig þessi skortur á skýrleika hefur áhrif á forgangsröðun, bæði í stefnumótun og daglegu skólastarfi. Dæmi eru tekin úr sænsku menntakerfi. Færð eru rök fyrir því að stefna um „skóla án aðgreiningar“ hafi víða verið notuð til að réttlæta sparnaðaraðgerðir í skólastarfi frekar en að gera skólastarf aðgengilegt fyrir hið breiða litróf nemenda. Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við HÍ stýrir viðburðinum. Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar hjá Reykjavíkurborg er málshafjandi (discussant).

Gunnlaugur Magnússon er lektor í menntunarfræðum við Uppsala Háskóla í Svíþjóð. Hann hefur skrifað um kennslufræði háskólanáms, markaðsvæðingu sænska menntakerfisins og gert gagnrýnar greiningar á skóla án aðgreiningar sem menntastefnu.

Sjá nýlegan pistil hans á Kjarnanum, [Hver ber ábyrgð á skóla án aðgreiningar?](#)

HÁSKÓLI ÍSLANDS RannMennt Rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti

Viðburðurinn var mjög vel sóttur og Gunnlaugur fékk ítarlega umfjöllun í Morgunblaðinu, sjá hér [https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2019/09/15/hagraeding\\_med\\_omurlegum\\_afleidingum/](https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2019/09/15/hagraeding_med_omurlegum_afleidingum/)

### Fyrirlestraröð á vegum Mark, Reykjavíkurakademíunnar og RannMenntar

Hér má sjá frétt og viðtal við Auði Magndísi skipuleggjanda um fyrirlestraröðina:

[https://www.hi.is/frettir/ny\\_fundarod\\_um\\_markadsvaedingu\\_haskola](https://www.hi.is/frettir/ny_fundarod_um_markadsvaedingu_haskola)

Fyrirlestraröðin hófst á fyrirlestri Ylva Hasselberg og honum fylgt eftir með viðbrögðum frá Ingólfi Ásgeiri Jóhannessyni og svo pallborðsumræðum.

Í pallborði sátu:

Ásgeir Brynjar Torfason, gestafræðimaður við Rannsóknastofnun Gautaborgarháskóla

Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ

Magnús Þór Torfason, lektor við Viðskiptafræðideild og mentor Snjallræðis, hugmyndahraðals á vegum Höfða friðarseturs

Viðar Hreinsson, sjálfstætt starfandi bókmenntafræðingur

Fyrirlestrar í tímaröð:

Ylva Hasselberg (13. Sept, 2019). Vantrúin á vísindi, ris hennar (og fall). Háskólatorgi HT-102, Háskóli Íslands. Sjá nánari lýsingu hér:

[https://www.hi.is/vidburdir/thekking\\_til\\_solu\\_vantruin\\_a\\_visindi\\_ris\\_hennar\\_og\\_fall](https://www.hi.is/vidburdir/thekking_til_solu_vantruin_a_visindi_ris_hennar_og_fall)

Arnar Pálsson. (11. Okt, 2019). Eru háskólar reknir eins og smjörlíkisverksmiðjur? Sjá nánari lýsingu á erindi hér:

[https://www.hi.is/vidburdir/thekking\\_til\\_solu\\_eru\\_haskolar\\_reknir\\_eins\\_og\\_smjorlikisverksmidjur](https://www.hi.is/vidburdir/thekking_til_solu_eru_haskolar_reknir_eins_og_smjorlikisverksmidjur)

Ásgeir Brynjar Torfason. (8. Nóv, 2019). Er pláss fyrir skapandi hugsun á markaðstorgi þekkingarinnar? Sjá nánari lýsingu á erindinu hér: <https://www.akademia.is/vidburdur/hvernig-kerfin-breyta-okkur-og-hvernig-vid-breytum-kerfunum/>

Finnborg Salóme Steinþórsdóttir (6. Des, 2019). Háskólar í fremstu röð – markaðsvæðing sem ýtir undir kynjamisrétti?

[https://www.hi.is/vidburdir/thekking\\_til\\_solu\\_haskolar\\_i\\_fremstu\\_rod\\_markadsvaeding\\_sem\\_ytir\\_undir\\_kynjamisretti](https://www.hi.is/vidburdir/thekking_til_solu_haskolar_i_fremstu_rod_markadsvaeding_sem_ytir_undir_kynjamisretti)

## Málstofuröð á vegum RannMenntar og RannKyn á Menntakviku 2020 um foreldrahlutverkið í gagnrýnu ljósi

Rannsóknastofurnar RannMennt og RannKyn efndu til málstofuraðar í þremur lotum sem fjallaði um foreldrahlutverkið í gagnrýnu ljósi. Spurt var hvaða félaglegu öfl móta sýn Íslendinga á hið hæfa foreldri og ekki síst hina hæfu móður. Málstofa 1 og 2 fjölluðu um foreldrahlutverkið í tengslum við skólakerfið. Spurt var m.a. hvaða foreldrar eru virkir í skólavali? Hverjir velja sér einkaskóla og á hvaða forsendum? Hvaða foreldrar eru minna sýnilegir og virkir í foreldrastarfi og skólagöngu barna sinna og af hverju? Hvernig mótar það stöðu foreldris gagnvart skóla að vera með stutta skólagöngu og lágar tekjur? Að vera án ríkisfangs eða koma frá fjarlægum landi? Hvaða feður takast á við foreldraskyldur sínar a.m.k. til jafns á við mæður gagnvart grunnskólanum, af hverju og hvernig takast þeir á við það? Hvers konar karlmennskuorðræða mótar hugmyndir og gjörðir? Málstofa 3 fjallaði um mótun kvenleikans í gegnum móðurhlutverkið og samskipti við valdastofnanir samfélagsins. Hvernig móta hugmyndir um móðurhlutverkið konuna? Hvers konar kona má verða móðir? Má hafna því að verða móðir og jafnvel sjá eftir því? Kynningarnar voru ýmist á íslensku og ensku eftir því hvort ágríp er skrifað á íslensku eða ensku, enda er hópurinn sem að þeim stendur fjölbjóðlegur. Rannsóknirnar eiga það sammerkt að nýta sér gagnrýnin fræði, s.s. fræði sem fást við femínisma, rasisma, stéttisma, samvinnun, hrifkenningar Söruh Ahmed, kenningar Bourdieu um stétt, og áhrif nýfrjálslyggju á daglegt líf foreldra og barna.

## Málstofa 1: Virkni, val og skyldur foreldra í íslensku menntakerfi – Virkir og miðjaðir foreldrahópar

Málstofustjóri: Auður Magndís Auðardóttir

- Auður Magndís Auðardóttir, aðjúnt og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Sonja Kosunen, dósent við Háskólann í Helsinki. Foreldrahlutverkið og þróun skólasamfélaga á höfuðborgarsvæðinu: félagsleg aðgreining í sjálfstætt starfandi skólum hérlendis.
- Elizabeth Lay PhD-student and Brynja E. Halldórsdóttir Assistant Professor. Following the recommendations: Parent perspectives on Icelandic school operations in the time of COVID-19
- Angela Marie Shapow, MA candidate at UI & Berglind Rós Magnúsdóttir Associate Professor. Transnational high-income mothers and their experience of Icelandic urban schools

## Málstofa 2: Virkni val og skyldur foreldra í íslensku menntakerfi: Foreldrahópar á jaðrinum

### Málstofustjóri: Berglind Rós Magnúsdóttir

- Berglind Rós Magnúsdóttir dósent og Unnur Edda Garðarsdóttir aðjúnkt. Feður í aðalhlutverki í uppeldis- og skólastarfi barna sinna – Áhrif stéttarstöðu, stéttaruppruna og karlmennskuhugmynda
- Eva Harðardóttir PhD-student, Elizabeth Lay PhD-student & Berglind Rós Magnúsdóttir Associate Professor, School of Education, University of Iceland.. Foreldrar af arabískum, afrískum og asískum uppruna: Mikilvægi þverþjóðlegs auðmagns, hvítleika og stéttarstöðu þegar komið er inn í íslenskt skólakerfi.
- Joanna Ewa Dominiczak grunnskólakennari og meistaranemi og Berglind Rós Magnúsdóttir dósent. Reynsla lágtekjumæðra af pólskum uppruna af foreldrastarfi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu: Stétt, félags- og þverþjóðlegur auður
- Björk Alfreðsdóttir sérkennari og meistaranemi og Berglind Rós Magnúsdóttir dósent. Lægri stéttar mæður af íslenskum uppruna: Bernskureynsla, virkni og þátttaka í skólagöngu barnsins.

## Málstofa 3: Kona verður till Mótun kvenleikans í gegnum móðurhlutverkið og samskipti við valdastofnanir samfélagsins

Málstofustjóri: Annadís G Rúdólfsdóttir

- Margaret Anne Johnson, doktorsnemi í kynjafræði, og Gyða Margrét Pétursdóttir, dósent í kynjafræði: “What a Shame! The Childfree Choice and Regretting Motherhood”
- Sunna Símonardóttir post-doc, Annadís Rúdólfsdóttir dósent og Helga Gottfreðsdóttir professor. “We at least say we are equal”: Gender equality and class in healthcare professionals discursive framing of migrant mothers
- Freyja Haraldsdóttir, doktorsnemi, HÍ og Annadís G. Rúdólfsdóttir, dósent, MVS, HÍ: „Það var eins og ég væri svona glæpón, að ég væri að gera eitthvað hræðilegt af mér“: Óstýrlátar, gleðispillandi fatlaðar mæður
- Cynthia Trililani doktorsnemi and Annadís Greta Rúdólfsdóttir dósent. Immigrant Mothers in Icelandic Higher Education: Navigating Multiple Roles and Responsibilities

## Kynningarstarfsemi og útgáfa

Varðandi útgáfu bendir stofan á heimasíður meðlima stofunnar.